

Tillaga fulltrúa Tillaga Flokks fólksins er varðar aðhlyningu og virkniþjálfun við sjúklinga með heilabilun.

Flokkur fólksins leggur til að velferðarsvið endurskoði með það að markmiði að bæta og dýpka virkniþjálfun fyrir heilabilunarsjúklinga á hjúkrunarheimilum borgarinnar. Fólk sem glímir við heilabilun hrakar oft hratt og þá sérstaklega ef það fær ekki viðeigandi þjálfun. Fyrir þennan hóp hafa rannsóknir sýnt að með því að virkja fólk er hægt að hægja á sjúkdómnum t.d. með ríkulegum samskiptum við það í orði og verki, með því að umönnun verði persónuleg og einstaklingsbundin og með því að virkniþjálfu, hvatning og örvun sé með fullnægjandi hætti.

Greinargerð:

Við sem skipum borgarstjórn verðum að sjá sóma okkar í að veita eldri borgurum og sjúklingum með heilabilun ekki einungis persónulega aðhlyningu og samskipti heldur einnig viðeigandi verkefni til að örva og hvetja það. Víða er ástandið hreinlega ekki nógu gott í þessum efnum og hafa aðstandendur látið vita af því. Ástæðan fyrir þessu er án efa fyrst og fremst mannekla en einnig kannski skortur á skýrri stefnu og/eða framkvæmd á þeirri stefnu sem fyrir er. Mannekluvandi veldur því að önnur verk en þau allra nauðsynlegustu mæta afgangi. Og það má ekki gerast. Fyrir aldraða og fólk með heilabilunarsjúkdóma geta virkniverkefni skipt sköpum. Með því að auka virkniverkefni og hreyfingu svo sem með því að hafa tæki til tómsunda, kubba, liti, litabækur, bækur, hannyrðadót og annað sem hægt er að skapa eitthvað úr hægir á öldrunaferli og ferli heilabilunarsjúkdómsins hjá mörgum. Fleira má nefna til sem myndi bæði hjálpa og gleðja þennan hóp. Þjóða mætti upp á dans vikulega, líkamsrækt og tónlist. Það er fátt sem yljur meira en að sjá glaðleg andlit þeirra sem komnir eru af léttasta skeiði eða eru veikir langt um aldur fram. Fyrir aldraða og þá sem glíma við heilabilun eigum við að bjóða upp á fleiri valkosti til þátttöku í fjölbreyttum verkefnum og huga að hlutum ofan í smæstu atriði eins og breytingar á leirtauvi fyrir fólkið, nota liti og mynstur sem henta. Litlu hlutirnir skipta líka máli.